


Alþingi
Erindi nr. P 127/82
komudagur 9.11.2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

8. nóvember 2001

Til Jóhönnu Sigurðardóttir

Frá Þjóðhagsstofnun

Efni: Fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur vegna 114. máls, tekjuskattur og eignarskattur

Vísað er til beiðni Þórarins Þorgeirssonar lögfræðings á nefndasviði dags 28. október 2001 um svör við spurningum vegna frumvarps til laga um tekjuskatt og eignarskatt. Hér með fylgja spurningarnar og umbeðin svör.

1. Er Þjóðhagsstofnun sammála því mati fjármálaráðuneytisins að skattalækkun á fyrirtæki sem áformuð er samkvæmt frumvarpinu fylgi aukin umsvif sem skili 3,5 milljarða kr. tekjuauka í ríkissjóð þannig að áætluð heildarútgjöld vegna skattalagabreytinganna verði nettó um 3,5 milljarðar kr?

Vísað er til umsagnar Þjóðhagsstofnunar um frumvarp um skattbreytingar o.fl sem sent hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

2. Telur Þjóðhagsstofnun tímasetningu skattalækkana samkvæmt frumvarpinu heppilega m.v. stöðu efnahagslífsins og er svigrúm til 7 milljarða kr. skattalækkana nú að mati Þjóðhagsstofnunar?

Vísað er til umsagnar Þjóðhagsstofnunar um frumvarp um skattbreytingar o.fl sem sent hefur verið til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

3. Hvað er áætlað verðmæti úthlutaðs kvóta og hvað má áætla söluhagnað hans fyrir eigendur og skatttekjur ríkissjóðs m.v. að hann yrði allur seldur annars vegar fyrir skattalagabreytinguna og hins vegar eftir hana?

Lauslega áætlað er verðmæti aflaheimilda (aflahlutdeilda, þ.e. varanlegs kvóta) íslenskra fiskiskipa 200-250 milljarðar miðað við markaðsverð í dag. Þetta verðmæti hefur lækkað að undanfögnu. Eitthvað af þessum heimildum hefur verið keypt á markaði. Í þeim tilfellum yrði söluhagnaður af sölu aflaheimildanna lægra en söluverð þeirra sem nemur kaupverði aflaheimildanna (að frádregnum afskriftum þar sem það á við). Í efnahagsreikningum sjávarútvegsfyrirtækja í úrtaki Þjóðhagsstofnunar er verðmæti keyþra aflaheimilda 21,4 milljarðar. Nokkrir erfiðleikar eru að áætla verðmæti keyþra aflaheimilda í efnahagsreikningum þeirra fyrirtækja sem ekki voru með í úrtaki Þjóðhagsstofnunar. Úrtak Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 2000 er nokkuð stórt og nær til 60% af allri útgerð miðað við tekjur. Það ætti því ekki að vera óvarlegt að áætla að verðmæti keyþra aflaheimilda í efnahagsreikningum sjávarútvegsfyrirtækja nemi 30-35 milljörðum. Hreinn söluhagnaður ef allar aflaheimildir yrðu seldar á markaðsverði í dag ætti því að nema um 165-215 milljörðum.

Skattlagning söluhagnaðar af ákaflega mismunandi eftir því hvort um er að ræða fyrirtæki eða einstakling. Lægsta skattlagning söluhagnaðar er hjá einstaklingi (10%) ef söluhagnaðurinn er innnan tiltekinn fjárhæða. Ekki munu uppi áætlanir um að breyta þeirri skattlagningu. Auk þess gefa skattalög einstaklingum heimild til að fresta skattlagningu söluhagnaðar ef þeir fjárfesta fyrir andvirði hans. Til að áætla hversu mikil

áhrif breyting á skattlagningu hagnaðar fyrirtækja hefur á skatttekjur ríkissjóðs vegna hagnaðar af sölu aflaheimilda yrði að taka tillit til þessara atriða. Þjóðhagsstofnun treystir sér ekki til að áætla áhrif þessara atriða.

4. *Hvað þyrftu vextir að lækka mikið til að skila sama ávinningi fyrir fyrirtækin og þjóðarþúið og áætlað er að áformuð skattalækkun geri?*

Vaxtalækkun hefur áhrif eftir margs konar leiðum. Hún hefur áhrif á eftirspurn og þar með atvinnuleysi og verðbólgu, eignaverð og gengi. Auk þess getur ein vaxtalækkun haft áhrif á væntingar um frekari vaxtalækkanir. Heildstætt svar við þessari spurningu krefst í raun yfirgrípsmikillar athugunar. Hér er látið nægja að líta á bein áhrif vaxtalækkunar á vaxtakostnað fyrirtækja og heimila og þau borin saman við beinan ávinning af fyrirhugaðri skattalækkun. Þjóðhagsstofnun metur að lækkun skatta heimila og fyrirtækja að frátaldri hækkun tryggingargjalds (að teknu tilliti til þess að hluti aukins tryggingargjalds greiðist af ríki og sveitarfélögum) nemi á árunum 2002-2003 samtals um 8 milljörðum króna. Er þá ekki reiknað með óbeinum áhrifum skattalækkunarinnar á umsvif í hagkerfinu.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum námu skuldir atvinnuvega við lánakerfið 966 milljörðum króna í lok júní og skuldir heimilanna 645 milljörðum króna eða samtals 1.611 milljörðum króna. Þar af voru lauslega áætlað tæplega 480 milljarðar króna í gengistryggðum lánum. Reikna má með að vextir á gengistryggðum lánum miði við erlenda vexti og því eru gengistryggð lán hér undanskilin í mati á beinum áhrifum vaxtalækkunar á vaxtakostnað fyrirtækja og heimila (en vaxtalækkun kann að leiða til hærri vaxtakostnaðar fyrirtækja sem skulda í erlendri mynt ef vaxtalækkunin veikir gengi krónunnar). Þá standa eftir um 1.135 milljarðar króna, eða um 930 milljarðar króna í verðtryggðum lánum og 205 milljarðar króna í óverðtryggðum lánum. Af þessu nema skuldir fyrirtækja 490 milljörðum. Samkvæmt þessu þyrftu meðalvextir á lán að lækka um u.þ.b. 0,4 prósentustig til að skila fyrirtækjum og heimilum 8 milljarða króna ávinningi á tveggja ára tímabili í formi lægri vaxtakostnaðar.

5. *Hvað mat leggur Þjóðhagsstofnun á að hve miklu leyti megi rekja hækkun á tekjuskatti fyrirtækja úr 5 milljörðum kr. á árinu 1991 í 10 milljarða kr. árið 2000 til hagsveiflu undanfarinna ára og að hve miklu leyti til lækkunar á skatthlutfalli fyrirtækja?*

Í meðfylgjandi töflu má sjá að tengsl eru milli tekna af tekjuskatti lögaðila og hagvexti árið á undan, en tekjuskattur er reiknaður af hagnaði fyrra árs. Þannig hefur afkoma fyrirtækja batnað mjög í uppsveiflu síðustu ára samanborið við afkomuna á fyrri hluta síðasta áratugar. Hins vegar er ekki hægt að horfa framhjá því að miklar breytingar hafa átt sér stað á síðasta áratug. Fyrst má nefna að nokkrum stórum ríkisfyrirtækjum var breytt í hlutafélög sem þá hófu að greiða tekjuskatt. Þar má nefna Lands- og Búnaðarbankann og Póst og síma. Einnig hafa orðið miklar breytingar í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Þar má nefna aðild að EES, breytt lagaumhverfi varðandi samkeppnismál, breyttar aðstæður á fjármálamarkaði og breytt skattaumhverfi. Ætla má að þetta skýri stærstan hluta tekjuaukans á síðustu árum.

Ef tekjuskattur fyrirtækja er skoðaður sérstaklega má sjá að tekjur hafa aukist á sama tíma og skatthlutfall hefur lækkað. Almenn tækja skatttekjur þegar skatthlutfall er lækkað. Hvað tekjuskatt fyrirtækja varðar þá kemur fleira til. Á sama tíma og skatthlutfall var lækkað var skattstofninn breikkaður sem vegur á móti lækkuninni. Á fyrri hluta áratugarins leiddi uppsafnað yfirfæranlegt tap til lækkunar gjaldstofns, en eftir því sem afkoma fyrirtækja hefur batnað hefur uppsafnað tap minnkað. Þá er einnig líklegt að lægra tekjuskattshlutfall leiði til betri skila þar sem ágóðinn af undanskotum er minni.

	Tekjuskattur lögaðila	Tekjuskatts- hlutfall	Hag- vöxtur
1990	2.781	50	
1991	3.090	45	0,7
1992	3.607	45	-3,3
1993	3.371	39	0,6
1994	3.711	33	4,5
1995	5.083	33	0,1
1996	4.391	33	5,2
1997	5.504	33	4,6
1998	6.814	33	5,3
1999	8.939	30	4,0
2000	9.479	30	5,0